



# Áveitan

9. tbl. 12. árgangur. September 2018

## Sá ég spóa-verkefninu lokið

Þá er útivistarverkefninu Sá ég spóa lokið. Heildarfjöldi þátttakenda fór fram úr öllum vonum en það voru 287 einstaklingar sem tóku þátt. Heimsóknirnar á staðina sex voru samtals 706 talsins og vinsælasti áfangastaðurinn var Haugur með 150 nöfn í gestabókinni.



Búið er að draga út sigurvegara í leiknum okkar og þeir fá hvor um sig einn fjölskyldupassa í LAVA setrið á Hvolsvelli. Til þess að komast í pottinn þurfti að heimsækja a.m.k. fimm staði af sex. Það voru 69 einstaklingar sem voru í pottinum og sigurvegararnir voru Þórunn Sturludóttir Schacht í Fljótshólum og Helgi Steinn Kristjánsson ættaður frá Túni 2. Óskum við þeim og fjölskyldum þeirra hjartanlega til hamingu!

Að endingu viljum við þakka öllum landeigendum sérstaklega fyrir að taka þátt í verkefninu með okkur, án ykkar og þessara fallegu staða hefði þetta ekki verið hægt .

Stjórn Umf. Þjótanda



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160

## Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Fanney Ólafsdóttir	fanneyo@emax.is	892-4155
Bryndís Eva Óskarsdóttir	801haholt@internet.is	846-7188
Hallfríður Ósk Aðalsteinsd.	halla@floahreppur.is	845-9719
Ellen Bachman Lúðvíksd.	ellenbach@simnet.is	616-1588

## Frá sveitarstjóra

### Kæru íbúar og aðrir lesendur

Nú er að ljúka vætusömu sumri og dagurinn styttist óðum. Skólarnir okkar hafa opnað eftir sumarleyfi og starfið allt að færast í fastar skorður. Nýir starfsmenn eru boðnir velkomnir til starfa og þeim sem hafa kvatt okkur þakkað fyrir þeirra góða framlag til samfélagsins okkar. Skólaakstri er sinnt af sömu aðilum og verið hefur og litlar breytingar hafa orðið á starfsmannahaldi í báðum skólunum. Skólavistun opnaði nokkrum dögum fyrir skólaasetningu í Flóaskóla og var opin allan daginn. Mæltist þessi nýbreytni mjög vel fyrir. 45 börn verða í Krakkaborg í vetur og 106 nemendur eru í Flóaskóla.

Á fasteignasviði standa yfir utanhússframkvæmdir í Félagslundu þar sem unnið hefur verið að múrviðgerðum og í Gömlu Þingborg er verið að mála húsið að utan. Breytingum er nánast lokið á skrifstofurými Flóahrepps í Þingborg og þar er kominn nýr góður fundarsalur fyrir smærri fundi. Góðar breytingar bæði fyrir starfsmenn og íbúa sveitarfélagsins.

Vinnuskólinn hefur einnig sinnt tiltekt og fegrum umhverfis við aðrar fasteignir sveitarfélagsins. Stefnt er að viðgerð á sparkvelli við Flóaskóla í haust og einnig verður byrjað á endurnýjun leiktækja á skólalóð Flóaskóla í framhaldi af því.

Losun á rotþróum stendur yfir en þrærnar eru losaðar á þriggja ára fresti. Sveitarfélagið Flóahreppur ákvað ásamt nágrannasveitarfélögum að taka þátt í kaupum á bíl sem safnar seyrunni. Árið 2018 verður seyru safnað í efri Flóa (skipting eins og í sorphirðudagatali) en neðri Flóa árið 2019. Verkefnið hefur gengið vel fram að þessu. Þeir sem læsa lóðum að sumarhúsum sínum eru vinsamlega beðnir að koma upplýsingum um símanúmer á skrifstofu Flóahrepps til þess að hægt sé að sinna þessu verkefni.

Úrvinnsla gagna vegna útboða í tengslum við nýlagningu ljósleiðara stendur yfir og niðurstöður væntanlegar á allra næstu dögum.

Ný heimasíða hefur verið í vinnslu og verður hún formlega opnuð á sveitarstjórnarfundum 5. september næstkomandi.

Undirbúningur fjárleita er hafinn og Reykjaréttir verða laugardaginn 15. september, hefjast réttarstörf klukkan 9:00.

*Þeim sem fara riðandi í réttir er bent á að gæta sérstakrar varúðar á vegsvæði með Suðurlandsvegi og Skeiðavegi bæði vegna mikillar umferðar og eins vegna framkvæmda sem hafa staðið yfir við lagningu á hitaveitu á vegsvæðinu í sumar og haust.*

Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri Flóahrepps

## Starfskraftur óskast í húsvörslu

Starfskraftur óskast í hlutastarf við húsvörslu við félagsheimilið Félagslund í Flóahreppi.

Starfið felur í sér umsjón með útleigu á húsinu og ræstingu eftir notkun.

Nánari upplýsingar hjá umsjónarmanni fasteigna [brynjar@floahreppur.is](mailto:brynjar@floahreppur.is) eða hjá sveitarstjóra á skrifstofu Flóahrepps 480 4370 og á netfanginu [floahreppur@floahreppur.is](mailto:floahreppur@floahreppur.is)

Umsóknir berist á netfangið [floahreppur@floahreppur.is](mailto:floahreppur@floahreppur.is) eða á skrifstofu Flóahrepps, Þingborg 801 Selfoss.

## Frá Kvf. Hraungerðishrepps

Eftirleitarberjarferð Kvenfélags Hraungerðishrepps verður farin föstudaginn (daginn fyrir þvottadag) 23. nóvember til sunnudagsins 25. sama mánaðar sem er síðasti sunnudagur fyrir aðventu jóla. Ferðinni er heitið að þessu sinni innan "Gullna hringsins" svokallaða.

Búið er að tryggja nokkuð mörg stæði og eru félagskonur vinsamlegast beðnar að bregðast fljótt og vel við.

Þær sem vilja koma í eftirleitina láti skemmtilegustu nefndina vita í síma eða netfang gsm 898-1518 (Valdís) og [skjalda@ismennt.is](mailto:skjalda@ismennt.is) (Hafdís) [guggabondi@gmail.com](mailto:guggabondi@gmail.com) (Guðbjörg).

## Flóaskóli – fréttir af skólastarfi

Skólastarf í Flóaskóla hófst með skólasetningu 22. ágúst síðastliðinn og verða nemendur 106 talsins sem stunda nám við skólann í vetur. Mikil gleði ríkti í hópnum þegar þau að hittust að loknu sumarfríi og greinilegt að flestum finnst gott að lífið komist aftur í fastar skorður. Fyrstu dagana var útivistarsvæðið okkar vel nýtt tengt námi, leikjum og annarri samveru. Íþróttavika var haldin 27.-31.ágúst og stærsti viðburður vikunnar var hið árlega Norræna skólahlaup sem hlaupið var í blíðskaparveðri miðvikudaginn 29. ágúst. Allir nemendur skólans tóku þátt í þessu skemmtilega verkefni og voru margir sigrar unnir hjá stórum sem smáum. Yngstu bekkirnir fóru í gönguferð og berjamó í vikunni og hluti af eldri bekkjum fór í ferð í rjómabúið á Baugstöðum í tengslum við list- og verkgreinakennslu.

Þetta árið var gerð tilraun með að opna skólavistun fyrir en venja hefur verið eða 13. ágúst. Samtals nýttu 16 börn og foreldrar þeirra þá þjónustu. Mikið var um útiveru, farið var í lautarferð, horft á bíómynd, fönðrað og leikið. Skólavistun er opin fyrir börn í 1.-4. bekk að loknum skóladegi til kl. 16:30 yfir skólaárið.

Í vetur munum við leggja aukna áherslu á umhverfismál og hefur skólinn formlega hafið þátttöku í verkefninu *Skólar á grænni grein*, stundum kennt við *Grænfánann*.

Við minnum á að Flóaskóli er með síðu á Facebook fyrir þá sem vilja fylgjast með skólastarfinu en þar koma reglulega inn fréttir, myndir og ýmis fróðleikur.

Já, skólalífið er hafið og spennandi vetur framundan í Flóaskóla.

Bestu kveðjur,  
Starfsfólk Flóaskóla

### **Málningarsprauta til sölu**

Stjórn Búnaðarfélags Villingaholtshrepps hefur ákveðið að hætta að gera út málningarsprautu félagsins. Hún er til sölu í því ástandi sem hún er. Nánari upplýsingar veitir Reynir í síma 898-0929.

ATH! Takið daginn frá.... Reddið barnapíu/peyja tímanlega ! ATH!

## Eftir-Réttaballið 2018

verður haldið í Félagslundi laugardagskvöldið 6. október.

**Bjossi Greifi** mun sjá um að skemmta lýðnum með allskyns tónlist og uppátækjum.

Húsið opnar kl. **22** og stendur fjörið til kl. **02**.

**Sætaferðir** verða frá Félagslundi að balli loknu.

Tilvalið tækifæri að hitta fólkið úr sveitinni, stíga dansinn eins og ófiðraður fuglsungi og skemmta sér eftir amstur og streð sumarsins.

Hlökkum til að sjá sem flesta!

**Umf. Þjótandi**

### **Haustfundur Kvenfélags Villingaholtshrepps**

verður haldinn í Þjórsárveri, mánudagskvöldið 24. september kl. 20.30. Dagskrá fundar verður eftirfarandi:

Fundur settur

Fundargerð síðasta fundar lesin

Aðsend bréf og tilkynningar

Basarinn

Félagsstarfið næstu mánuði

Önnur mál.

Margt er framundan hjá okkur og því verðum við með félagsfundinn svona snemma, við vonumst eftir góðri mætingu.

Nýjar konur boðnar hjartanlega velkomnar á fundinn, til kynningar og eða inngöngu.

*Kaffikonur: Gunnella Vigfúsd, Ósk Unnarsd., Alda Hermannsd., Bryndís Ólafsd., Kristín Stefánsd.*

Við hlökkum til að sjá ykkur  
Stjórnin

# UPPSKRIFTARHORNÐ

Takk kærlega fyrir þetta Sigrún mín. Ég er búinn að bíða lengi eftir því að taka þátt í uppskriftarhorni Áveitunnar. Eins og flestir vita þá er ég mikill sætabrauðsdrengur og hef alltaf haft mikinn áhuga á bakstri. Ég ætla því að deila með ykkur Hveitimarengs - lakkrísbombunni. Þetta er kaka sem ég skellti einhvern tímann saman úr því sem ég átti til í skápunum hjá mér og vakti hún mikla lukku hjá kvenfélagskonum Villingaholtshrepps sem voru í heimsókn hjá mér.

## Hveitimarengs – lakkrísbomba

### **Marengsbotn**

5 eggjahvítur  
3 dl sykur  
1 tsk. Lakrids duft

Stífpeytið eggjahvítur og sykur. Hrærið lakkrísduftinu varlega við blönduna. Setjið smjörpappír á tvær plötur og skiptið marengsnum á þær.

Bakið við 150° í 50 mínútur. Slökkvið svo á ofninum og látið botnana vera inni í ofninum yfir nótt án þess að opna ofninn.

### **Rice Krispies millibotn**

1 poki Bingókúlur (150 g)  
50 g smjör  
2 msk. síróp  
Sirka 2 bollar Rice Krispies

Bræðið bingókúlur, smjör og síróp saman í potti. Takið pottinn af hellunni þegar allt hefur bráðnað og bætið svo Rice Krispies út í. Setjið blönduna í form í sömu stærð og botnarnir. Sett í kæli þar til harðnar vel.

### **Annað sem fer á kökuna**

1/2 l rjómi, þeyttur  
Köld lakkríssósa (hana kaupi ég alltaf í Huppu)  
Lakkrískurl

### **Kakan sett saman**

Settu lakkrísisósuna á annan marengsbotninn. Næst kemur helmingurinn af rjómanum. Svo Rice Krispiesbotninn. Kláraðu rjómann ofan á það, og lokaðu svo með marengs með lakkríssósu (rjómagegin).

Kakan er loks skreytt með lakkríssósu og örlitlu hveiti (má sleppa).

Ég ætla að skora á vin minn og nágretta, Jakob Nielsen Kristjánsson, til að taka við keflinu og treysti ég á að hann bjóði mér í mat þegar hann prófar sig áfram með uppskriftina sem hann leggur til, ég get komið með eftirrétt.

Örvar í Forsæti 3

### **Messuhald haust 2018**

#### **fyrir Villingaholtskirkju, Hraungerðiskirkju og Laugardælakirkju**

7. október Guðsþjónusta í Hraungerðiskirkju kl. 13:30. Prestur Guðbjörg Arnardóttir

11. nóvember Guðsþjónusta í Villingaholtskirkju kl. 13:30. Prestur Ninna Sif Svavarsdóttir

9. desember Aðventukvöld í Villingaholtskirkju kl. 20:00. Prestur Ninna Sif Svavarsdóttir

25. desember, jóladagur Hátíðarmessa í Hraungerðiskirkju kl. 11:00. Prestur Guðbjörg Arnardóttir  
Hátíðarmessa í Laugardælakirkju kl. 13:00. Prestur Guðbjörg Arnardóttir

26. desember, annar í jólum Hátíðarmessa í Villingaholtskirkju kl. 11:00. Prestur Ninna Sif Svavarsdóttir.

Við hlökkum til að sjá ykkur í kirkjunni okkar í haust.  
Minum einnig á messur í Selfosskirkju alla sunnudaga kl. 11.00.  
Prestarnir og sóknarnefndirnar

**Íbúar í Flóahreppi og nágrettar takið laugardagskvöldið 27. okt. n.k. frá, fyrsti vetrardagur. Haustfagnaður Flóamanna Kótelettukvöld í Þingborg samkvæmt venju, fjölmenum. Flóamannabók**

## Úrslit af nokkrum íþróttamótum í ágúst

Umf. Þjótandi átti nokkra keppendur í frjálsum íþróttum á **Unglingalandsmóti UMFÍ** helgina 3.-5. ágúst. Þeir stóðu sig vel og skiluðu inn sex landsmótsmeistaratitlum.

Hjalti Geir Jónsson	´06	100m hlaup	10,02sek	18. sæti
Sigurjón Reynisson	´05	600m hlaup	1:57,14mín	7. sæti
		80m grind	14,96sek	4. sæti
		Hástökk	1,29m	9.-10. sæti
		Langstökk	4,25m	6. sæti
		Þrístökk	9,55m	6. sæti
		Spjótkast	22,83m	15. sæti
Unnsteinn Reynisson	´03	800m hlaup	2:27,21mín	2. sæti
		100m grind	16,28sek	2. sæti
		Hástökk	1,65m	1. sæti
		Langstökk	5,22m	2. sæti
		Þrístökk	11,40m	2. sæti
		Kúluvarp (4kg)	9,81m	4. sæti
		Kringlukast (1kg)	32,19m	2. sæti
Brynjar Jón Brynjarsson	´01	Langstökk	5,23m	10. sæti
		Kúluvarp. (5kg)	10,88m	10. sæti
		Kringlukast (1,5kg)	27,78m	11. sæti
Stefán Narfi Bjarnason	´00	100m hlaup	12,36sek	1. sæti
		Langstökk	6,04m	1. sæti
		Kúluvarp	11,95m	1. sæti
		Kringlukast (1,75kg)	29,08m	1. sæti
		Spjótkast (800gr)	48,89m	1. sæti

Þjótandi átti tvo keppendur á **Unglingamóti HSK** sem fór fram 14. ágúst á Selfossvelli. Þeir stóðu sig frábærlega og endaði þjótandi í 3. sæti í heilarstigakeppninni.

Unnsteinn Reynisson	´03	100m hlaup	12,83 sek	2. sæti
		Hástökk	1,55m	1. sæti
		Langstökk	4,88m	2. sæti
		Kúluv.(4kg)	10,40m	1. sæti
		Kringluk.(1kg)	27,18m	2. sæti
		Spjót.(600gr)	28,27m	2. sæti
Brynjar Jón Brynjarsson	´01	100m hlaup	12,82sek	5. sæti
		Langstökk	4,82m	3. sæti
		Kúluv.(5kg)	10,46m	2. sæti
		Kringl.(1,5kg)	28,72m	1. sæti
		Spjót.(700gr)	31,40m	3. sæti



Bræðurnir Sigurjón og Unnsteinn kepptu á **Bikarkeppni FRÍ 15 ára og yngri** sem fór fram á íþróttavellinum Kaplakrika um miðjan ágúst. Þeir stóðu sig mjög vel og sjá má árangurinn þeirra hér að neðan.

Sigurjón Reynisson	´05	1500m hlaup	5:29,45 min	6. sæti
Unnsteinn Reynisson	´03	400m hlaup	58,58 sek	3. sæti
		Hástökk	1,66m	3. sæti

**Meistaramót Íslands 15-22 ára** fór fram helgina 25.-26. ágúst á Laugardalsvelli. Þar kepptu fjórir Þjótandamenn í sameiginlegu liði HSK/Selfoss og stóðu sig mjög vel. HSK/Selfoss endaði í 2. sæti í heildarstigakeppninni. Hér má sjá árangur Þjótanda:

Elías Örn Jónsson	´03	100m hlaup	13,56 sek	6. sæti
		200m hlaup	28,65 sek	8. sæti
		300m hlaup	46,54 sek	5. sæti
		Langstökk	4,50m	9. sæti
Unnsteinn Reynisson	´03	100m hlaup	12,58 sek	4. sæti
		300m hlaup	41,76 sek	4. sæti
		Hástökk	1,57m	2. sæti
		Langstökk	5,48m	3. sæti
		Þrístökk	10,84m	3. sæti
		Kúluv.(4kg)	11,06m	2. sæti
		Kringluk.(1kg)	33,13m	2. sæti
Brynjar Jón Brynjarsson	´01	100m hlaup	12,50sek	14. sæti
		Langstökk	5,37m	9. sæti
		Kúluv.(5kg)	10,07m	13. sæt
		Kringluk.(1,5kg)	30,65m	7. sæti
Hugi Snær Jónsson	´01	100m hlaup	12,76 sek	16. sæti
		200m hlaup	26,10 sek	11. sæti
		Langstökk	4,71m	13. sæti
		Kúluv.(5kg)	8,23m	17. sæti

## 10. bekkur safnar dósam og flöskum

10. bekkur í Flóaskóla er byrjaður að safna fyrir útskriftarferð sinni næsta vor. Við verðum á ferðinni um sveitina nú í september og söfnum einnota dósam og flöskum. Vonandi fáum við góðar viðtökur þegar við birtumst.

10. bekkur Flóaskóla

## Pistillinn

### Gamli bærinn

Þegar Sigurður Ólafsson skólabróðir í Hjálmholti skoraði á mig að segja frá einhverju minnstæðu á þessum vettvangi kom margt upp í hugann.

Ég ákvað hins vegar að segja frá einu af þeim mörgu verkefnum sem við erum að fást við hér í Laugardælum, en það er endurgerð gamla bæjarins á staðnum.

Gamli bærinn eins og hann er alltaf nefndur, er talinn frá 1893 og því með elstu húsum Árnessýslu.

Guðmundur Guðmundsson héraðslæknir Árnésinga lét reisa húsið og bjó fyrstur í því ásamt konu sinni Arndísi Jónsdóttir til ársins 1895 er þau fluttu, en húsið hefur alltaf verið nýtt.

Guðmundur læknir hafði mikinn áhuga á búskap og þá sérstaklega garðrækt en hann var með um 200 faðma kálgarð þar sem hann gerði allskonar tilraunir með garðrækt. Hann var einnig mjög áhugasamur um nýjungar í læknisfræði og sótti m.a. námskeið í þeim til Englands þannig að leiða má líkur að því að í gamla bænum hafi verið fyrsta skurðstofa á Suðurlandi þó sagnir hermi að hann hafi skorið fólk upp hvar sem á þurfti að halda.

Gamli bærinn hefur tekið ýmsum breytingum í gegnum tíðina. Í upphafi var hann bygður við torfbæinn og tengdur honum með sérstakri byggingu samkvæmt myndum sem til eru, á þeim klæddur með liggjandi panil. Í kringum 1920 er ráðist í breytingar á honum og glugga skipan breytt, strompur réttur af, hann klæddur með bárujárnri og byggð við hann vinnukonuaðstaða og klósett. Í kringum 1947 er ráðist í frekari lagfæringar og stækkun á vinnukonu og klósett álmu. Að sögn Helga í Súluholti kom hann að þeim framkvæmdum og var falið það verk meðal annars að rífa gamla fjárhúshlöðu við Svarfhól og flytja heim í Laugardæli, en nýtilegur burðarviður úr henni var notaður í viðbyggingu sem þá var verið að byggja fyrir vinnufólk við gamla bæinn.

6. júní, 2017 hefjumst við bræður svo handa með Skúla Thorodsen sem yfirsmið við að endurgera bæinn, en Skúli hefur mikla reynslu á þessu sviði og hefur m.a. endurgert hið sögufræga hús, Kornsa í Vatnsdal sem hann á. Þá er arkitekt að endurgerðinni Sigríður Sigþórsdóttir og einnig kemur Minjastofnun að þessu ásamt öðrum góðum ráðgjöfum.

Var ákveðið að notast við stóra tjakka við réttingu á undirstöðum og bænum, frekar en að reyna að lyfta honum með öflugum krana og ná þannig að lagfæra sökkulinn allan í einu, en Skúli taldi of mikla áhættu felast í þeirri aðgerð.

Í framhaldinu tókum við hverja hlið á bænum fyrir sig. Löguðum og réttum undirstöður eins og hægt var með tjökkum og endurgerðum þann hluta

tréverks sem var fúinn og laskaður. Í ljós kom þegar hafist var handa við að grafa frá bænum að falleg hleðsla var undir honum öllum nema norðvesturhorninu en þar hafði hún verið rofin til að koma inn og út lögnum. Mart forvitnilegt kom í ljós við þessa vinnu sem skapaði miklar umræður og vangaveltur enda farið í gegnum sögu hússins og þær lagfæringar sem það hefur fengið frá upphafi. Fundum við ýmsa muni allt frá því húsið var byggt. Mesta athygli okkar vakti þó að húsið var að uppistöðu klætt með 3 x 9 tommu plönkum sem okkur fannst mjög undarlegt og einnig Minjavernd þar sem þetta er ekki þekkt í öðrum húsum frá þessum tíma. Höfum við helst hallast að þeirri hugmynd að þetta gæti verið timbur úr fyrstu brúnni á Ölfusá sem fór niður 1944 og því hugsanlega verið notað við endurbæturnar sem gerðar voru á húsinu í kringum 1947.

Allt ferlið og vinnan í kringum þessa endurgerð hefur verið skemmtilegt og gefandi, og nú er okkur að birtast reisulegt og fallett hús sem vonandi klárast nú á haustdögum og verður sannkölluð staðarþýði.

Ég mælist til þess að sveitungi okkar Geir Gíslason bóndi á Stóru Reykjum skrifi næsta pistil.

Haraldur Þórarinsson.

## Frá Krakkaborg

Í Krakkaborg fer starfið vel af stað að loknu sumarfríi. Nemendur og starfsmenn hafa notið þess að vera mikið útivið og að venju hafa allir nóg fyrir stafni. Eftir sem áður er leikurinn aðal námsleið nemenda og þar til skipulagt starf hefst samkvæmt stundskrá í september fer námið að stórum hluta fram utandyra. Nemendur þurfa m.a. að sinna hænsnunum, byggja ýmislegt úr tré, baka margar sandkökur og elda ýmislegt þykjó í búinu, elda með kennara í alvöru á útiöldstæðinu, hoppa í pollum, hjóla, kríta, blása sápukúlur og fara í gönguferðir í strigaskóm áður en veður tekur að versna og áherslur breytast aðeins með næstu árstíð.

Við búum við frábæran mannauð, en það vantar í eina stöðu svo nú er lag fyrir áhugasama að sækja um starf í leikskólanum.

Bestu kveðjur

Börn og starfsfólk Krakkaborgar.

## Íþróttastarf Ungmennafélagsins Þjótanda veturinn 2018-2019

Æfingar hjá yngstu nemendum, í 1.-3. bekk, verða eins og síðustu ár í samstarfi við og innan stundatöflu Flóaskóla. Þær verða á föstudögum frá klukkan 12.10 – 13:30. Æfingarnar verða fyrst um sinn haldnar á íþróttasvæðinu við Þjórásarver. Þegar haustar færast æfingarnar inn.

Æfingar fyrir nemendur í 4.-6. bekk verða haldnar í Þingborg á miðvikudögum frá klukkan 14:30 – 15:30. Nemendum er boðið far með þeim skólabilum sem fara framhjá Þingborg í sinni akstursleið strax eftir skóla. Foreldrar sækja svo börnin í Þingborg að æfingu lokinni.

Æfingar fyrir nemendur í 7.-10. bekk verða í Þingborg á miðvikudögum milli 16-17:30.

*Þjálfari er Örvar Rafn Hliðdal. Á íþróttæfingum verða stundaðar fjölbreyttar og skemmtilegar æfingar í bland við leiki og frjálssar íþróttir. Við leggjum mikla áherslu á frjálssar og ætlum okkur í a.m.k. eina hópferð á frjálssíþróttamót í vetur.*

Glímuæfingar verða í Félagslundi á þriðjudagskvöldum kl 20-21 og er fyrsta æfingin 18. september. Þjálfarar verða Stefán Geirsson og Jón Gunnþór Þorsteinsson.

### Dagskrá mánaðarins

Íþróttæfingar Þjótanda hefjast	5.og 7. september
Reykjaréttir	15. september
Fyrsta glímuæfingin	18. september
Hautfundur kvenfélags Villingaholtshr	24. september
Eftir-Réttaballið í Félagslundi	6. október

